

Gripagreiðslur í geitfjarrækt

Matvælastofnun vekur athygli framleiðenda í geitfjarrækt að skila þarf skýrsluhaldi í Heiðrúnu fyrir 27. febrúar næstkomandi, til þess að öðlast rétt til gripagreiðslna í samræmi við reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1240/2016.

Ekki þarf að sækja sérstaklega um og verða gripagreiðslur í geitfjarrækt greiddar þann 1. mars 2017 miðað við fjölda geita sem skráðar eru í afurðaskýrsluhald hjá viðkomandi framleiðanda.

Tekið skal fram að



Matvælastofnun er heimilt að stöðva gripagreiðslur til framleiðanda vegna ófullnægjandi skila á haustskýrslu í Bústofni, ófullnægjandi merkingum geitfjár samkvæmt reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár eða ef stofnunin telur að ráða megi af gögnum, eða ástæða er til þess af öðrum sökum að vefengja upplýsingar úr afurðaskýrsluhaldi framleiðanda. Matvælastofnun skal þá gera opinbera talningu á gripum framleiðanda.

*Bjarki Pjetursson,
sérfræðingur hjá
Matvælastofnun*